

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Guðmundur
Rafn Sigurðsson

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar, en þeir eru: *Ragnhildur Benediktsdóttir* skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, *Kristín Huld Sigurðardóttir* forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, *Valtýr Valtýsson* sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. *Pórsteinn Ragnarsson* forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. *Smári Sigurðsson* framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig í hlutastarfi Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um upp-mælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Starfsemi Kirkjugarðaráðs

Haldnir voru átta fundir í Kirkjugarðaráði á árinu auk þess sem farið var í skoðunarferð í nokkra kirkjugarða í Borgarfirði í fylgd heimamanna sem fóru yfir nýlegar og fyrirhugaðar framkvæmdir við kirkjugarðana. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 96 kirkjugarða á árinu.

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun styrkja úr kirkjugarðasjóði, en á síðasta ári fékk 51 verkefni styrk samtals að upphæð tæpar 55 milljónir. Aðallega voru þetta styrkir til lagfæringa á minni kirkjugörðum og voru veittir 39

styrkir til slíkra garða. Jafnframt voru veittir 10 styrkir til nýframkvæmda við kirkjugarða á stærri þéttbýlisstöðum. Auk þessa fékk *Kirkjugarðasamband Íslands* styrki m.a. til reksturs á vefnum *gardur.is*, útgáfu *Bautasteins* og námskeiðahalds og *Fornleifavernd ríkisins* til að halda áfram með skráningu friðaðra minningarmarka Suðurprófastsdæmis.

Úttekt á kirkjugörðum

Umhirðugjaldinu er skipt niður á kirkjugarða samkvæmt ákveðnu gjaldalíkani sem tekur mið af flatarmáli grafarsvæða, staðsetningu kirkjugarðs og fjölda íbúa í sókninni. Samkvæmt líkaninu fá kirkjugarðar í þéttbýli hærra umhirðugjald á hvern fermetra en sveitakirkjugarðar. Ástæðan er að í þéttbýlisgörðum er yfirleitt meiri umsvif og um leið hærri fastakostnaður við stjórnun, mannahald, byggingar o.fl. Kirkjugarðaráð reynir að fylgjast með að kirkjugarðsstjórnir ráðstafi umhirðugjaldinu eins og lög gera ráð fyrir. Þetta er m.a. gert með því að skoða ársreikninga kirkjugarðanna auk þess sem framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs hefur ásamt utanaðkomandi fagmanni farið í kerfisbundnar ástandsskoðanir í kirkjugarða án þess að gera boð á undan sér.

Í þessum úttektum eru eftirfarandi þættir metnir: **Gróðurþekja:** Aðallega metið ástand grasþekju og einnig skoðaður trjáa- og runnagróður.

Minnismerki: Almenn ástand minnismerkja metið og þá sérstaklega steyptra leiðisumgjarða. Friðuð minnismerki



Þingeyrakirkja og
kirkjugarður

þ.e. þau sem hafa náð 100 ára aldri, eru friðuð samkvæmt þjóðminjalögum og bíða þess að verða mæld upp og metin af Fornleifavernd ríkisins.

Umgjörð: Umgjörð kirkjugarðsins tek in út. **Sáluhlíð:** Skoðað og metið. **Tillögur til úrbóta:** Settar fram tillögur um það sem betur mætti fara í umhirðu kirkjugarðsins.

Heildarmat umhirðu: Eftir að hafa metið þá verkþætti sem á undan er getið, er lagt heildarmat á umhirðu kirkjugarðsins og honum gefinn eftirfarandi vitnisburður:

1. Umhirða til fyrirmyndar.
2. Umhirða í lagi.
3. Umhirðu ábótavant.

Ástandsskoðun gefur e.t.v. ekki full-

komna mynd af ástandi viðkomandi kirkjugarðs þar sem mat á umhirðu er að nokkru leyti huglægt mat, en til langs tíma litið getur þetta reynst góð heimild til að meta hvort umhirðugjaldinu er ráðstafað eins og til er ætlast lögum samkvæmt.

Vegna erfiðs efnahagsástands hefur orðið að skerða kirkjugarðsgjaldið síðustu ár. Til að mæta þessum niðurskurði hefur verið reynt að hagræða í rekstri kirkjugarða án þess að láta það bitna á umhirðu þeirra. Aukinn niðurskurður mun væntanlega koma til með að bitna á umhirðu kirkjugarðanna. Vonandi á efnahagsástandið hér á landi eftir að batna þannig að kirkjugörðum verði tryggðar nægilegar tekjur til að halda uppi því háa umhirðustigi sem er ríkjandi hjá þeim flestum.